

Fornleifakönnun við Bríetartún 3-5 eða í túni Rauðarár



Stefán Ólafsson

FS753-19121

Fornleifastofnun Íslands ses
Reykjavík 2019



Grunnupplýsingar

Rannsóknarleyfi/málsnúmer: 201906-0050

Þjóðminjasafnsnúmer: 2019-57

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: 9-60, 9-61, 9-62, 9-63, 9-66, 9-68 9-70 9-1

Sjá: Anna Lís Guðmundsdóttir (2019). Lóðin Bríetartún 3-5 áður bæjarstæði Rauðarár. Reykjavík:

Borgarsögusafn - drög dagsett 21. maí 2019

Stutt lýsing rannsókna: Fornleifarannsókn til athugunar á umfangi og eðli fornleifa vegna fyrirhugaðra framkvæmda við hótélbyggingu á lóð Bríetartúns 3-5 sem áður tilheyrði jörðinni Rauðará.

Tegund rannsókna: Framkvæmdarannsókn

Staðsetning: Bríetartún 3-5, 105 Reykjavík

GPS hnit: A: 358306 N: 407891

Rannsóknartími: 3/7 2019 - 19/7 2019

Leyfishafi: Stefán Ólafsson

Fjöldi starfsmanna: 4

Forsíðumyndin er tekin við upphaf rannsóka á túni Rauðará sem nú tilheyrir Bríetartúni 5

© Fornleifastofnun Íslands ses

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markmið og framkvæmd	5
Niðurstöður	7
Gripir	13
Umræða og lokaorð	13
Jarðeiningar	15
Heimildir	16

Samantekt

Um miðjan maí 2019 óskaði verktakafyrirtækið Skjanni að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér að forkönnun á fornleifum á lóð 3-5 við Brietartún en þar stóð áður býlið Rauðará. Vinna hófst við fornleifakönnunina 3. júlí 2019 og var vinnu á vettvangi lokið 19. júlí 2019. Fjórir könnunarskurðir voru grafnir þvert yfir allan framkvæmdareitinn og leiddi rannsókn á þeim í ljós að umfangsmikil jarðvegsskipti höfðu átt sér stað á svæðinu. Hafði upphaflegum jarðvegi verið skipt út fyrir aðflutt hraungjall. Þrátt fyrir þessi ítarlegu jarðvegsumskipti má finna óljós og hógvær ummerki minja sem munu þó vera með yngri minjum sem tilheyrt hafa jörðinni Rauðará sem mun hafa verið í byggð alla vega frá 14. öld.

Lykilorð


19-20 öld, Reykjavík, Rauðará, Fornleifar, Framkvæmdarannsókn, prufuskurðir

Summary

In May 2019, the construction company Skjanni requested that the Archaeological Institute of Iceland ses did an archaeological evaluation at the site Britetartún 3-5, where there once stood the farm Rauðará. The archaeological field work began on July 3, 2019, and was completed on July 19, 2019. Four trial trenches were excavated across the entire construction field, and a study of them revealed that an extensive soil transshipment had taken place in the area. The original soil had been replaced by an imported lava material. In spite of this thorough land conversion, there are vague and modest traces of archaeological remains from the youngest habitation period of the farm Rauðará.

Keywords

19th - 20th century. Reykjavík, Rauðará, Archaeology, Developement led excavation, trial trenches



Mynd 1. Myndin sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðis með rauðum punkti og afstöðu skurða innan framkvæmdareits ásamt númerum þeirra. Flygildismynd: FSÍ

Inngangur

Um miðjan maí 2019 óskaði verktakafyrirtækið Skjanni eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér að forkönnun á fornleifum á lóð 3-5 við Bríetartún, austan við hús Frímúrara. Ástæða verkbeiðnarinnar eru áform um að byggja hótél með bílastæðakjallara á lóðinni¹ en þar er nú afmörkuð bílastæðalóð. Innan framkvæmdareitsins stóð áður býlið Rauðará² og því hafði Minjastofnun Íslands farið fram á að gerð yrði forkönnun á henni til að kanna þykkt, dýpt og umfang mannvistarlaga.³ Fór Minjastofnun Íslands fram á að 10% af svæðinu yrði kannað með u.þ.b. 1m breiðum skurðum sem dreift yrði kerfisbundið og jafnt yfir svæðið. Einnig var gerð krafa um að þau svæði yrðu skoðuð sérstaklega þar sem vísbendingar um hús eða önnur mannvirki kynnu að hafa staðið.⁴

Vinna hófst við fornleifakönnunina 3. júlí 2019 og var vinnu á vettvangi lokið 19. júlí 2019. Fornleifafræðingar sem komu að verkinu voru Guðrún Alda Gísladóttir, Lilja Björk Pálsdóttir og Magnea Birgisdóttir fornleifafræðinemi en leyfishafi og umsjón verks var í höndum Stefáns Ólafssonar.

Markmið og framkvæmd

Rannsóknarsvæðið er lóð sem hefur verið nýtt undir bílastæði og er nr. 5 við Bríetartún (áður Skúlagata). Svæðið er fast austan við hús frímúrara í Reykjavík sem er til húsa að Bríetartúni 3, 105 Reykjavík. Á þessari lóð er fyrirhugað að reisa hótélbyggingu með bílastæðakjallara og er framkvæmdasvæðið um 1970 m² að stærð⁵ og afmarkast það af húsi frímúrara til vesturs, Rúgbrauðsgerðinni sem er Borgartún 6 til norðurs og húsum sem tilheyra Þórunnartúni sem áður hét Skúlatún til austurs. Vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda hefur Minjastofnun Íslands farið fram á fornleifakönnun á svæðinu⁶ og að 10% af umræddu byggingasvæði yrði rannsakað með könnunarskurðum og að dreifing þeirra innan lóðarinnar yrði sem jöfnust.⁷ Með þessum könnunarskurðum átti að athuga hvort mannvistarleifar leyndust undir yfirborði og ef svo væri að áætla umfang þeirra og aldur.

Á lóðinni stóðu áður hús sem tilheyrðu jörðinni Rauðará og samkvæmt drögum að fornleifaskráningarskýrslu Borgarsögusafns um fornleifar á svæðinu mátti meðal annars búast við minjum íbúðarhúss Hans J. G. Schierbeck landlæknis (9-1), leifar af túngarði (9-68) og hlöðu (9-60).⁸ Á þessu svæði er einnig heimatún Rauðará (9-66).⁹ Þó að engar heimildir séu til sem sýna mannvirki þar, má engu að síður gera fastlega ráð fyrir því að þar hafi staðið útihús.

Ákveðið var að grafa fjóra skurði með legu frá suðri til norðurs yfir allt svæðið til



Mynd 2. Hér sést Davíð gröfumaður fjarlægja malbikið við upphaf rannsókna.

1 Bríetartún 3-5. Tillaga að breyttu deiliskipulagi - 04-02

2 Anna Lís Guðmundsdóttir (2019), bls. 1

3 MÍ201903-0013/ 6.09 / G.G.G.

4 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, minjavörður Reykjavíkur og nágrennis, tölvupóstur, 11. apríl 2019

5 Bríetartún 3-5. Tillaga að breyttu deiliskipulagi - 04-02

6 MÍ201903-0013/ 6.09 / G.G.G.

7 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, minjavörður Reykjavíkur og nágrennis, tölvupóstur, 11. apríl 2019

8 Anna Lís Guðmundsdóttir (2019), bls. 10-11

9 sjá mynd 15 í: Anna Lís Guðmundsdóttir (2019), bls. 11


að fá sem besta mynd að öllu rannsóknarsvæðinu. Samkvæmt ósk frá Minjastofnun var grafið niður á óhreyfðan jarðveg þar sem þess var kostur til að afla vísbendinga um þykkt mannvistarlaganna og aldur minja (Guðný Gerður Gunnarsdóttir, minjavörður Reykjavíkur og nágrennis, tölvupóstur, 11. apríl 2019) og var fornleifafræðingur alltaf viðstaddur þegar unnið var við vélgröft. Samvinna var höfð við verktakann svo að nýting á bílastæði gæti verið stöðug og að rannsóknin hefði lágmarks ónæði fyrir notendur þess. Rannsóknarvinnu var því háttað þannig að austurhluti rannsóknarsvæðisins var afmarkaður með girðingum og þar grafnir skurðir 1 og 2 á austanverðu svæðinu og svo syðri helmingur af skurði 3 á vestanverðu svæðinu. Þegar skurðirnir höfðu verið kannaðir var þeim lokað og umferð hleypt á þann hluta svæðisins en vestari hlutinn afmarkaður. Þá var hægt að klára að grafa skurð 3 og opna skurð 4.

Skráning mannvistarlaganna fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafterhandbók Forleifastofnunar Íslands.¹⁰ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gróf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Á meðan á uppgrefti stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaganna og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu númeraröð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa eftir því sem við á.

Gripir sem finnast við uppgreft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta meðal annars gefið vísbendingu um aldur mannvistarlaganna eða hlutverk bygginga. eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgrafterasvæði, en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlagum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna tengd gripanúmerunum og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.¹¹

¹⁰ Lucas, Gavin (2003), bls. 10-16.

¹¹ Lucas, Gavin (2003), bls. 40-48



Mynd 3. Á kortinu hér fyrir ofan hefur uppmælingum á skurðum úr rannsókninni verið varpað yfir mynd 15 í fornleifaskrá Borgarsögusafns (sjá Anna Lís Guðmundsdóttir (2019), bls. 11)

Niðurstöður


Skurður 1

Skurður 1 var 43m að lengd og um 1,3m á breidd (sjá mynd 3). Rannsókn á skurði 1 leiddi í ljós að jarðvegsskipti höfðu átt sér stað á svæðinu sem náðu alveg niður á klöpp eða jökulleir þegar bílastæðið var lagt 1971. Einungis fundust óröskuð jarðlög nyrst í skurðinum og fundust þar einnig leifar af móðskulagi [004] sem er um 70cm undir yfirborði (sjá mynd 5). Ennfremur fannst grjót sunnan við miðjan skurð sem gæti verið úr hleðslu og gætu verið leifar túngarðs (9-68). Engar greinilegar mannvistarleifar fundust þó í námunda við grjótið og því er þetta nokkuð óljóst.

Lítið af gripum kom í ljós við uppgröftinn á skurði 1 en það sem kom í ljós voru aðallega járngríp og glerbrot sem ætla má að séu frá 20. öld og þá sennilega eftir hana miðja. Sýnishorn gripa var safnað saman úr skurðinum og það skráð sem heimild um aldur á þeim breytingum sem greinilegar eru í skurði 1.




Mynd 4. Stutt var niður á klöppina í Skurði 1



Mynd 5. Snið í skurði 1. Það er 80cm að lengd og þar eru eftirfarandi jarðlög: [001] Malbik; [002] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er frekar fingerður; [003] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er mjög grófur; [004] Mannvistarlag með móösku; [005] Óhreyfður jarðvegur. Sniðteikningin er staðsett með rauðum punktum á afstöðumynd.




Mynd 6. Snið í norðurenda skurðar 1. Rétt undir hraungjallinu er mannvistarlag með móösku í.



Mynd 7. Sýnishorn af gripum úr skurði 1

Skurður 2

Skurður 2 var 41m á lengd og um 1,2m á breidd (sjá mynd 3). Rannsókn á skurði 2 leiddi í ljós svipaðar niðurstöður og rannsókn á skurði 1. Sem eru þær að umfangsmikil jarðvegsskipti hafa verið gerð á svæðinu. Náðu jarðvegsskiptin alveg niður á klöpp eða jökulleir. Engin mannvist sást í sniðum skurðarins og var einungis lítið snið hreinsað og teiknað til að til að gefa hugmynd um hvernig snið skurðarins litu út (sjá mynd 9).



Mynd 8. Snið úr skurði 2 sem er 180cm að lengd. Þar eru eftirfarandi jarðlög: [001] Malbik; [003] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er mjög grófur; [007] Hreyft mannvistarlag úr mold og hraungjalli. Sniðteikningin er staðsett með rauðum punktum á afstöðumynd.



Mynd 9. Snið í skurði 2.




Mynd 10. Gripir úr gleri sem fundust í skurði 2. Gripirnir eru að öllum líkindum frá miðri eða seinni hluta 20. aldar.



Mynd 11. Gripir úr málmi sem fundust í skurði 2. Gripirnir eru að öllum líkindum frá miðri eða seinni hluta 20. aldar.

Skurður 3

Skurður 3 var tæplega 39m á lengd og um 1,3m á breidd (sjá mynd 3). Hann var grafinn upp í tveimur áföngum. Fyrst var suðurendi hans grafinn, um 16m langur en þegar búið var að kanna þann hluta og skrá var fyllt upp í þann hluta hans og gengið frá honum. Í framhaldinu var norðurendi hans opnaður, um 23m. Skurður 3 var grafinn niður á klöpp og eða jökulleir og leiddi rannsókn á skurði 3 í ljós svipaðar niðurstöður og skurðir 1 og 2. Helst er að nefna að í norður enda hans kom í ljós óhreyfð moldarlög [008] og [009] (sjá mynd 12) en eins og greint hefur verið frá hafa skurðirnir leitt í ljós að nokkuð ítarleg jarðvegsskipti hafa verið gerð á rannsóknarsvæðinu. Ennfremur vottar fyrir grjótdreif í skurðinum sunnan við miðju hans. Ekki er hægt að fullyrða að um hleðslu sé að ræða því engar öruggar mannvistarleifar var hægt að greina í nágrenninu. Grjótdreif þessi er sambærileg og áþekk grjótdreifar sem skráð var í skurði 1. Ekki varð vart við svipaða grjótdreif í skurði 2.



Mynd 12. Snið úr skurði 3 sem er 85cm að lengd og eru þar eftirfarandi jarðlög: 001 Malbik; [003] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er mjög grófur; [008] Dökkbrúnt moldarlag, óhreyft jarðlag; [009] Rauðbrúnt og járnrikt moldarlag, óhreyft jarðlag. Sniðteikningin er staðsett með rauðum punktum á afstöðumynd.



Mynd 13. Snið í norðurenda skurðar 3.



Mynd 14. Sýnishorn gripa úr gleri sem fundust í skurði 3




Mynd 15. Sýnishorn gripa úr járnri sem fundust í skurði 3.



Mynd 16. Óljósar hleðslur sem gætu verið leifar túngarður í skurði 3.


Skurður 4

Skurður 4 var 30m á lengd og 1,6m á breidd (sjá mynd 3). Eins og aðrir skurðir á svæðinu ber hann þess merki að umfangsmikil jarðvegsumskipti hafa átt sér stað á svæðinu. Í stað upphaflegs jarðvegs sem hefur verið á svæðinu hefur verið sett gróft en frekar létt hraungjall. Undir þessum aðflutta jarðvegi mátti finna vegghleðslur bæði í suður- og norðurenda skurðarins. Hleðslurnar syðst í skurðinum eru tvöfaldar grjóthleðslur [006] (sjá mynd 17). Þær eru um 170cm á breidd og liggja þvert á skurðinn (með stefnu NV-SA) Hleðslugrjótið er ótilhoggið og stórt og mögulega standa enn tvö umför.



Mynd 17. Snið úr skurði 4 sem er 4m langt og eru þar eftirfarandi jarðlög: [001] Malbik; [002] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er frekar fingerður; [003] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er mjög grófur; [006] Vegghleðsla? úr ótilhoggnu grjóti sunnarlega í skurði 4; [013] Moldarblandað malarlag með hraungjalli. Á afstöðumynd eru rauðir punktar sem sýna staðsetningu sniðteikningar.


Sunnan við þessa hleðslu [006] er gryfja sem er u.þ.b. 50cm dýpri en hleðslan en norðan við hleðsluna er stór og þykkur járnbiti. Önnur vegghleðsla [012] er nyrst í skurðinum (sjá mynd 18). Hún er úr tilhoggnu grjóti sem límt er saman með steinlími. Hún er um 30cm á breidd og er 80-90cm löng og gengur innundir bæði snið. Hugsanlega er þetta undirstöður eða neðsta umfar norðausturgafis fjóss 9-63 sem getið er um í fornleifaskráningarskýrslu Önnu Lísu.



Mynd 18. Snið úr skurði 4 sem er 5,6m langt og eru þar eftirfarandi jarðlög: [001] Malbik; [002] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er frekar fingerður; [003] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er mjög grófur; [010] Hreyft mannvistarlag, blandað úr mól og rauðu hraungjalli; [011] Hreyft mannvistarlag, grábrúnt og moldarblandað malarlag; [012] Vegghleðsla úr tilhoggnu grjóti norðarlega í skurði 4. Sniðteikningin er staðsett með rauðum punktum á afstöðumynd.

Milli þessara vegghleðslna er mikið að tilhoggnu hleðslugrjóti sem er allt raskað og ber þess merki að hafa verið umbylt með stórvirkum vinnuvélum. Ákveðið var að grafa í gegnum þetta rask eða alveg niður á óhreyfðan jarðveg til að athuga hvort eldri mannvist leyndist undir því en svo reyndist ekki vera.

Alveg nyrst í skurðinum og norðan við áður nefnda vegghleðslu eru mannvistarlög (sjá mynd 19). Þar er einhvers konar niðurgroftur og í honum er mannvistarlag sem er mjög ríkt af ösku, matarúrgangi og leirkerabrotum. Þar má og einnig finna leifar af öðrum niðurgreftum sem mun vera yngri en sá fyrrnefndi og hugsanlega þjónað sem einhvers konar ræsi sem hefur verið gert úr tjörubornu timbri.




Mynd 19. Snið úr skurði 4 sem er 3,3m að lengd og eru þar eftirfarandi jarðlög: [001] Malbik; [003] Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er mjög grófur; [014] Skurður fyrir ræsi sem enn er í notkun; [015] Fyllingarefni í ræsi sem enn er í notkun; [016] Moldarblandað malarlag ofan á gömlu ræsi, jöfnunarlag; [017] Skurður fyrir gamalt ræsi sem er ekki lengur í notkun; [018] Gamalt aflagt ræsi með tjörubornum timburstökk?; [019] Grátt moldar- og malarblandað mannvistarlag, mjög hreyft; [020] Hreyft mannvistarlag með miklu af rauðu hraungjalli; [021] Ljósbrúnt, leirkennt og malarblandað mannvistarlag; [022] Öskuríkt mannvistarlag með leirkerabrotum; [023] Skurður í óhreyft jarðlag 024, mógrafir?; [024] Mjög blautt og leirríkt jarðlag, óhreyft. Sniðteikningin er staðsett með rauðum punktum á afstöðumynd.




Mynd 20. Sýnishorn af þeim járngripum sem fundust í skurði 4.



Mynd 21. Sýnishorn af þeim glergripum sem fundust í skurði 4



Mynd 22. Brot úr steiptum efnum sem fundust í skurði 4.



Mynd 23. Poki úr plast sem er sennilega undan fúguþefni.

Gripir

Gripirnir sem safnað var saman við rannsóknina voru eingöngu skráðir með ljósmyndum til að sýna fram á aldur og það umrót sem átt hefur sér stað á svæðinu. Þeir teljast ekki til fornleifa og verður þeim ekki skilað til Þjóðminjasafn Íslands til varðveislu heldur verður þeim fargað að rannsókn og skráningu lokinni.

Umræða og lokaorð


Allir skurðirnir fjórir bera þess merki að á svæðinu hafa farið fram umfangsmikil jarðvegsskipti. Hefur upphaflegum jarðvegi verið skipt út fyrir aðflutt hraungjall sem mjög erfitt reyndist að handgrafa. Þessi jarðvegsumskipti hafa að öllum líkindum verið gerð í kjölfar byggingar húss Frímúrarareglunnar árið 1971 en bílastæðið mun hafa verið gert á sama tíma.¹² Sú takmarkaða rannsókn sem gerð var á svæðinu hefur leitt í ljós að þrátt fyrir ítarlegu jarðvegsumskipti má finna óljós og hógvær ummerki minja sem eru með yngri minjum sem tilheyrta hafa jörðinni Rauðará sem mun hafa verið í byggð alla vega frá 14. öld.¹³ Samkvæmt þeim niðurstöðum sem hægt var að fá með þessum fjórum skurðum er um að ræða neðstu leifar vegghleðslu [012] í norðurenda skurðar 4 sem er að öllum líkindum norðausturgaffinn á fjósi (9-63)¹⁴ sem Vilhjálmur Bjarnason lét reisa fyrir 1910. Þá er önnur vegghleðsla [006] í suðurenda sama skurðar sem ekki er hægt að útiloka að sé úr sömu byggingu þótt sú vegghleðsla sé úr ótilhoggnu grjóti. Nyrst í skurði 4 er og einnig ummerki eftir niðurgroft [023] sem í er öskulag [022]. Í þessu öskulagi fundust leirkersbrot sem eru sennilega frá upphafi 20. aldar. Annar og yngri niðurgroftur [017] er þar einnig en í þeim niðurgrofti voru tjargaðar timburleifar sem hugsanlega hafa verið hluti af ræsi [018]. Að lokum er ekki hægt að

¹² Páll Lindal (1988), bls. 7

¹³ Dipl. Isl. III, 598

¹⁴ sjá mynd 15 í: Anna Lís Guðmundsdóttir (2019), bls. 11

útiloka óljósar minjar túngarðs (9-68)¹⁵ sem vottar hugsanlega fyrir í skurði 1 [025] og skurði 3 [026]. Samkvæmt skráningarskýrslu Borgarsögusafns stóðu tvö íbúðarhús (9-61 og 9-61), tvær hlöður (9-60 og 9-62) og borhola (9-70)¹⁶ einnig innan rannsóknarsvæðisins en engin ummerki eftir þessi mannvirki fundust.



Mynd 24. Hér að ofan hefur uppmælingum úr rannsókninni verið varpað yfir mynd 15 úr fornleifaskrá Borgarminjasafns (sjá Anna Lísu Guðmundsdóttir (2019), bls. 11). Í skurðum 1 og 3 sáust óljósar hleðslur sem gætu mögulega verið leifar túngarðs 9-68 en engin greinileg mannvistarlög fundust þó við hleðslugrjótið.

¹⁵ Sjá mynd 15 í: Anna Lísu Guðmundsdóttir (2019), bls. 11

¹⁶ Anna Lísu Guðmundsdóttir (2019), bls. 10-11

Jarðvegseiningar

BRT19-57-001 Malbik

BRT19-57-002 Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er frekar fingerður

BRT19-57-003 Hraungjall, aðfluttur jarðvegur sem er mjög grófur

BRT19-57-004 Mannvistarlag með móösku

BRT19-57-005 Óhreyfður jarðvegur

BRT19-57-006 Vegghleðsla úr ótilhoggnu grjóti sunnarlega í skurði 4

BRT19-57-007 Hreyft mannvistarlag úr mold og hraungjalli

BRT19-57-008 Dökkbrúnt moldarlag, óhreyft jarðlag

BRT19-57-009 Rauðbrúnt og járnrikt moldarlag, óhreyft jarðlag

BRT19-57-010 Hreyft mannvistarlag, blandað úr mól og rauðu hraungjalli

BRT19-57-011 Hreyft mannvistarlag, grábrúnt og moldarblandað malarlag

BRT19-57-012 Vegghleðsla úr tilhoggnu grjóti norðarlega í skurði 4

BRT19-57-013 Moldarblandað malarlag með hraungjalli

BRT19-57-014 Skurður fyrir ræsi sem enn er í notkun

BRT19-57-015 Fyllingarefni í ræsi sem enn er í notkun

BRT19-57-016 Moldarblandað malarlag ofan á gömlu ræsi, jöfnunarlag

BRT19-57-017 Skurður fyrir gamalt ræsi sem er ekki lengur í notkun

BRT19-57-018 Gamalt aflagt ræsi með tjörubornum timburstokk?

BRT19-57-019 Grátt moldar- og malarblandað mannvistarlag, mjög hreyft

BRT19-57-020 Hreyft mannvistarlag með miklu af rauðu hraungjalli

BRT19-57-021 Ljósbrúnt, leirkennt og malarblandað mannvistarlag

BRT19-57-022 Öskuríkt mannvistarlag með leirkersbrotum

BRT19-57-023 Skurður í óhreyft jarðlag BRT19-57-014, mógrafir?

BRT19-57-024 Mjög blautt og leirríkt jarðlag, óhreyft

BRT19-57-025 Óljós hleðsla í skurði 1, túngarður 9-68?

BRT19-57-026 Óljós hleðsla í skurði 3, túngarður 9-68?

Heimildaskrá

Anna Lísu Guðmundsdóttir (2019). Lóðin Bríetartún 3-5 áður bæjarstæði Rauðarár.
Reykjavík: Borgarsögusafn

Bríetartún 3-5. Tillaga að breyttu deiliskipulagi - 04-02. 22.08.2018. Verknúmer 17-025.
Númer 04-02. Reykjavík: THG arkitektar

Dipl. Isl. III: Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn III. 1269-1415. Hið
íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Lucas, Gavin (2003). Archaeological field manual. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands

MÍ201903-0013/ 6.09 / G.G.G.: Bréf Minjastofnunnar Íslands, 8. mars 2019, MÍ201903-
0013/ 6.09 / G.G.G.

Páll Líndal (1988). Reykjavík. Sögustaður við sund, R - Ö. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og
Örlygur,